

Reykjavík 7. febrúar 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (kynferðisbrot gegn börnum í fjölskyldu- og öðrum trúnaðarsamböndum). Pingskjal 616 — 478. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi styðja þær breytingar á almennum hegningarlögum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur á undanförunum árum verið litið alvarlegri augum á þau kynferðisbrot þar sem um trúnaðarsamband er að ræða milli barns og þess sem hefur beitt barnið kynferðisofbeldi.

Samtökin telja því þessa breytingu mikilvægt skref í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum og viðurkenningu á alvarleika þess þegar barn er beitt kynferðisofbeldi af hálfu aðila sem það treystir, er tengt fjölskylduböndum eða á trúnaðarsamband við.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja jafnframt leggja áherslu á að mikilvægast er að koma í veg fyrir að börn séu beitt kynferðisofbeldi og í því skyni þarf að auka forvarnir og fræðslu. Jafnframt þarf að tryggja góð og skilvirk úrræði fyrir þau börn sem eru þolendur kynferðisbrota.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri